

**Nr. 17-149 S 113 Gullhólmi SH 201*****Vélarvana og dreginn til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 2911  
*Útgerð:* Ágústsson ehf.  
*Smíðaður:* Seigla, 2015, trefjaplast.  
*Stærð:* 29,91 bt.  
*Mesta lengd:* 13,66 m *Skráð lengd:* 13,15 m  
*Breidd:* 5,58 m *Dýpt:* 2,38 m  
*Vél:* Yanmar, 556,0 kw, 2015  
*Fjöldi skipverja:* 4



Gullhólmi © Rikharður Rikharðsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 30. september 2017 var Gullhólmi SH 201 á veiðum við Grímsey. Veður A 7 m/s.

Þegar álag aðalvélarinnar var aukið kom viðvörðun fyrir lágan sjóþrýsting og háan kælivatnshita. Við skoðun kom í ljós að sjóinntak vélarinnar var stíflað utanborðs. Björgunarbáturinn Sigurvein frá Siglufirði sótti bátinn og dró hann til hafnar á Siglufirði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að kafari var fenginn til að hreinsa úr sjóinntakinu og reyndist ruslið í því vera pappi.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.